

Nemendaráð Naustaskóla

5. fundur skólaárið 2010-2011

Dagsetning: 25. mars 2010

Mættir; Hrannar Þór og Tumi 8.b, Brynjar 7.b., Ugly 6.b., Freyr 5.b. og Bjarney Guðrún 4.b. ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

N-faktor. Að ósk nemendaráðs verður haldin hæfileikakeppnin "N-faktor" og er stefnt að því að hún fari fram fimmtudaginn 29. apríl. Keppnin verður fyrir nemendur í 4.-8. bekk en yngri bekkjum boðið að horfa á. Fyrir 8. apríl þurfa þeir sem ætla að taka þátt að ákveða atriði og sýna nemendaráði og skólastjóra í "prufum" þann dag. Tímasetning ákveðin síðar.

Dómarar í keppninni verða þeir fulltrúar nemendaráðs sem ekki taka þátt, hugsanlega einnig starfsmaður frá skólanum. Brynjar, Freyr og Hrannar ætla að útvega verðlaun. Bjarney og Ugly sjá um auglýsingar.

Gervigrasvöllurinn. Að frumkvæði nemenda er gerð breyting á vallartöflunni, tímar verða sameinaðir hjá 1.-3. bekk og einnig gerð tilraun með tvo sameiginlega tíma hjá 4.-8. bekk. Metið eftir viku hvernig þetta gengur. Taflan tekur gildi mánudaginn 28. mars.

Nokkrar umræður almennt um skólastarfið en ekki fleira ákveðið.